



Kristján Arinbjarnar - Framboð til stjórnar Lífsverks

Kristján er byggingaverkfræðingur, M.s frá DTU og hefur starfað sem stjórnandi á verkfræðistofu, hjá verktaka og sinnt ráðgjöf.

Mínar áherslur sem leiðtogi hafa m.a verið, skýrar verklagsreglur, góð samskipti, samvinna og vandaður undirbúningur.

Ég hef mikla reynslu og þekkingu af gæðastarfi, stefnumótun, rekstri og mannauðsmálum. Vandaður undirbúningur, rekstaráætlanir, eftirfylgni og endurskoðun hafa verið mínar áherslur og vöktun áætlana til þess að sjá fyrir frávík og bregast sem fyrst við.

Hef tekið þátt (2006-2024) í kennslu í Umhverfis- og byggingaverkfræði við HÍ og hef verið tilnefndur matsmaður af héraðsdómi Reykjavíkur og verið meðdómari í Landsrétti.

Ég hef gengt trúnaðarstörfum og setið í stjórn eftirtalinna félaga:

Stéttarfélag Verkfræðinga, (varaformaður 1988-1992)
Verkefnisstjórnunarfélags Íslands (gjaldkeri 2006-2011)
Fasteignastjórnunarfélags Íslands (meðstjórnandi 2011-2013)
Mannvirki, Félag verktaka (stjórnarmaður 2018-2024)
Grænni byggð. (stjórnarmaður 2017-2021)

Áherslur:

Ef ég fæ stuðning til stjórnarsetu mun ég leggja áherslu á öruggar og tryggar fjárfestingar Lífsverks svo sem í innviðum á Ísland af ýmsu tagi, auk þess að leggja áherslu á vandaðar ákvarðanir með starfsfólki og stjórn Lífsverks.

Nám og starf:

1986	Civ. Ing. (M. Sc.) Construction, Danmarks Tekniske University (DTU)
1984	B. Sc. Byggingaverkfræði Háskóli Íslands.
Ég hef sótt ýmsa fræðslu, endurmenntun og námskeið, tæknileg og þverfagleg.	
Sérstaklega mannauðsmál, stefnumótun, stjórnun, verkefnastjórnun og áætlangerð.	
2024 -	KA Ráðgjöf ehf, sjálfstætt starfandi ráðgjafi
2015 - 2024	ÍAV hf, Framkvæmdastjóri Tækni og Þjónustu
2014 - 2015	ÍAV hf, Director project USi Helguvík
2013 - 2014	ÍAV hf, Bygginga og Þjónustusvið, Framkvæmdastjóri
2011 - 2013	ÍAV Fasteignaþjónusta ehf, Framkvæmdastjóri
2004 - 2010	ÍAV, Framkvæmdastjóri framkvæmdasvið
2002 - 2004	ÍAV, Deildarstjóri íbúðabygginga
2000 - 2002	ÍAV, Verkefnastjóri
1999 - 2000	Skeljungur hf, Deildastjóri framkvæmdadeildar
1991 - 1999	VSÓ ráðgjöf, Sviðstjóri byggðatæknisviðs
1987 - 1991	VSÓ ráðgjöf, Verkfræðingur
1986 - 1987	Hagvirki hf Verkefnastjóri